

Súðavíkurhreppur
Jóhann Birkir Helgason
Grundarstræti 1-3
420 Súðavík

Reykjavík, 8. nóvember 2022
UST202209-254/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting deiliskipulagi fyrir hafnar- og iðnaðarsvæði inn af Langeyri - Súðavíkurhreppur

Vísað er til erindis Súðavíkurhrepps er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnar- og iðnaðarsvæði inn af Langeyri á Súðavík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skipulagssvæðið stækkar til suðurs um 25 m að jarðarmörkum Hlíðar. Lóð nr. 1 stækkar til suðurs um 13 m á landi en um 57 m í sjó, alls um 3.080 m². Landfylling í sjó stækkar um 2507 m² til suðurs. Svæði fyrir hráefnisþrær og setþró/setlónlón stækkar til suðurs á landfyllingu og verður skilgreind sem byggingarreitur B. Gert er ráð fyrir viðlegustað utan við byggingarreit B, sunnan viðlegukants. Lóðamörk lóðar nr. 1 eru hnitsett og hnitatafla uppfærð. Aðkomuvegur frá hafnarsvæðinu að lóð nr. 1 er skilgreindur í norðaustur horni lóðarinnar.

Með stækkuninni skapast rými fyrir hráefnisþrær í tengslum við fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju og þar með dregur úr hættu á mengun í sjó vegna kalkþörungasetts sem dælt verður í land.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæðis inn af Langeyri tók gildi í ágúst 2020. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn¹ varðandi deiliskipulagið dags. 21. ágúst 2019. Auk þess bendir stofnunin á að hún veitti umsögn 10. mars sl. varðandi aðalskipulagsbreytingu fyrir verkefnið.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir, eins og fram kemur í greinargerð, að starfsemin geti haft áhrif á lífríki, ásýnd, loftgæði (ryk), hljóðvist og valdið gruggi í sjó. Jafnframt er tekið undir að stærri landfylling veldur meiri röskun á sjávarbotni og fjörunni.

Umhverfisstofnun telur að stækkun á hráefnissvæðinu geti aukið sveigjanleika og jafnvel haft jákvæð áhrif á starfsemina. Það er hins vegar óljóst að mati stofnunarinnar hvort stækkun á hráefnissvæðinu muni hindra að kalkþörungasetið berist til sjávar með tilheyrandi mengun og röskun á lífríki sjávar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé með ítarlegri hætti um stækkun hráefnissvæðisins og umhverfisáhrif þess við gerð deiliskipulagsbreytingarinnar.

¹ https://ust.is/library/sida/atvinnulif/Tillaga_-_Deiliskipulag_-_Langeyri_%c3%ad_S%c3%ba%c3%b0av%c3%adkurhreppi.pdf

Landfylling

Miðað við framkvæmdalýsinguna verður um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í breytingartillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri